

ÞINGEYJAR SVEIT



HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?



MARS 2024

BOLLALEGGINGAR SVEITARSTJÓRA

Nú líður að páskum og hefur mars mánuður verið annasamur og í mörg horn að líta. Vetrarhátíð var haldin með miklum ágætum og sótti fjöldi gesta okkur heim sem fóru til baka með góðar minningar úr fallegu og drífandi sveitarfélagi og munu bera hróður okkar áfram. Þakka ber öllum þeim sem komu að undirbúningi og framkvæmd hátíðarinnar enda verður svona viðamikilli dagskrá ekki komið á laggirnar nema með viðtæku samstarfi. TAKK allir sem að þessu komu.

Í tengslum við nýgerða kjarasamninga hafa verið nokkrar umræður um skólamáltíðir. Hér í Þingeyjarsveit hafa verið fríar skólamáltíðir í grunn- og leikskóla í allnokkur ár. Er þetta mikil kjarabót fyrir barnafjölskyldur og ánægjulegt að Þingeyjarsveit sé eitt af sex sveitarfélögum á landinu sem þegar eru með fríar skólamáltíðir og svo verður áfram. Í kjarasamningsgerðinni var aðkoma sveitarfélaga mikið rædd og hefur sveitarstjórn ákveðið að endurskoða gjaldskrár sem snúa að barnafjölskyldum og fólki í viðkvæmri stöðu. Munu breytingarnar taka gildi frá og með apríl.

Við göngum á móti hækkandi sól með mörg spennandi verkefni í farteskinu. Á síðasta sveitarstjórnarfundum var ákveðið að ganga til samninga við ARCUR um vinnu við heildarstefnumótun sveitarfélagsins sem snertir helstu málaflokka og framtíðarsýn. Stefnunormörkunin getur stutt sveitarfélagið við þá vinnu sem er framundan á markvissan hátt. Mikilvægt er að íbúar hafi aðkomu að mótun stefnunnar og því er gert ráð fyrir þátttöku sem flestra á vinnufundum og með rafrænni könnun. Það er ljóst að sveitarfélagið býr yfir miklum tækifærum til vaxtar og þroska og jafnframt áskorunum sem verður gaman að takast á við með öflugum starfsmannahópi.

Gleðilega páska!



**Ragnheiður Jóna
Ingimarsdóttir**
sveitarstjóri

Vatnsleikfiminámskeiðin hjá Ástu Price hafa slegið rækilega í gegn. Skráning á næsta námskeið er í fullum gangi og lýkur 27. mars. Takmarkað pláss í boði.

VATNSLEIKFIMI Á LAUGUM

4 vikna námskeið, 3. apríl – 29. apríl

Verð: 18.000 kr.

Kennt verður tvisvar í viku, 45 mín. í senn á mánud. og miðvikud. frá kl. 10:00 – 11:00.

Skráning fer fram hjá Ástu Price á asta@bjarg.co.uk með nafni, kennitölu og símanúmeri eða í 8989964.

Þingeyjarsveit gefur þátttakendum aðgang að lauginni. Við hvetjum eldri borgara sérstaklega til að skrá sig!



Þingeyjarsveit



**GAKKTU Í FACEBOOK HÓPINN
HEILSUEFLANDI ÞINGEYJARSVEIT
OG FÁÐU UPPLÝSINGAR UM
HEILSUTENGDA VIÐBURÐI Í
SVEITARFÉLAGINU OG
HEILSUEFLINGU ALMENNT.**

VETRARHÁTÍÐ VIÐ MÝVATN 2024



KÆRU ÍBÚAR, TAKK FYRIR SKEMMTUNINA!

ORKUSKIPTI Í DREIFÐUM BYGGÐUM

Ingimar Ingimarsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs fór ásamt fleirum til Samsö í Danmörku til þess að kynna sér hvernig orkuskiptin þar hafa gengið fyrir sig. Ferðin er hluti af verkefninu RECET (Rural Europe for the clean energy transition) sem miðar að því að efla getu sveitarfélaga og atvinnulífs til að takast á við orkuskipti og smíða orkuskiptaáætlanir fyrir svæðin. Íslensk Nýorka og Eimur leiða verkefnið hér á landi en Vestfjarðastofa og Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) eru einnig þátttakendur.



Hópurinn í Samsö í Danmörku

RECET er samstarfsverkefni fimm landa og tuga sveitarfélaga um alla Evrópu, með Ísland í fararbroddi.

„Samseyjarbúar hafa á undanförunum árum tekið sig á í orkuskiptum og er svo komið að flest sem sveitarfélagið gerir er byggt á orku sem framleidd er heima fyrir s.s. vindmyllum, sólarorkusellum, bruna á hálmí ofl. Það var því mjög áhugavert að sjá hversu ótrúlega margt er hægt að gera án þess að hafa aðgang að jafn gríðarlegum náttúruauðlindum og við Íslendingar búum við. Dagskráin var að meginhluta vinnustofa þar sem farið var yfir hvaða möguleikar væru til að framkvæma orkuskipti, hvernig virkja mætti almenning til þátttöku og hvaða hindranir standa í vegi fyrir orkuskiptum. Út úr þessari vinnu komu mjög áhugaverðar nálganir sem munu nýtast til að styðja þá vinnu sem við erum að hefja hér, að losna við innflutta orkugjafa og treysta á þá sem við eigum fyrir“ segir Ingimar.

SKRÁÐU ÞIG Í SAMRÁÐSVETTIVANG ATVINNULÍFS Á NORÐURLANDI EYSTRÁ

SSNE vinnur nú að því að koma á fót samráðsvettvangi atvinnulífs á Norðurlandi eystra.

Tilgangur vettvangsins er að koma á virku samtali milli atvinnulífs á svæðinu og SSNE, jafnframt verður vettvangurinn nýttur til að miðla upplýsingum og tækifærum sem snúa að svæðinu.

Fundirnir verða haldnir í fjarfundi til að jafna aðgengi allra og er stefnt að fyrsta fundi í byrjun apríl.

Öllum er velkomið að skrá sig, nánar á SSNE.is

Á VIT NÝRRÁ ÆVINTÝRA

- Bjarni Höskuldsson, slökkviliðsstjóri hefur sagt starfi sínu lausu. Hann mun taka við stöðu sérfræðings hjá HMS - Brunavarnarsviði í apríl.
- Linda Björk, verkefnastjóri hefur sagt starfi sínu lausu og mun flytja tímabundið erlendis.
- Atli Steinn, skipulagsfulltrúi sem er nú í barneignarleyfi hefur sagt starfi sínu lausu og mun ekki snúa aftur til starfa að loknu leyfi. Hann fer til starfa hjá Landslagi teiknistofu á Akureyri.

Við þökkum Bjarna, Lindu og Atla fyrir vel unnin störf í þágu Þingeyjarsveitar og óskum þeim velfarnaðar í nýjum störfum og verkefnum.




NORÐURORG

NorðurOrg söngkeppni Samfés 2024 fór fram í Íþróttamiðstöð Dalvíkurbyggðar föstudagskvöldið 8. mars. Þar komu saman um 500 unglingar frá félagsmiðstöðvum á Norðurlandi. Félagsmiðstöðin Skjálfandi í Þingeyjarsveit átti glæsilegan fulltrúa í söngkeppninni, hana Hildi Ósk Gunnarsdóttur úr Þingeyjarskóla.

Hún flutti lagið Hallelujah. Alls tóku 13 atriði þátt í keppninni en af þeim voru fimm atriði valin áfram af dómnefnd og koma þau til með að keppa í Söngkeppni Samfés í Laugardagshöllinni í vor.

Til hamingju Hildur með glæsilega frammistöðu!



Hildur á æfingu fyrir stóra kvöldið

ÁFÖLL OG ÚRVINNSLA ÞEIRRA

Þingeyjarsveit hlaut á dögunum 300 þúsund króna styrk úr Lýðheilsusjóði til verkefnisins „Fræðsla fyrir íbúa Þingeyjarsveitar um áföll og úrvinnslu þeirra, andlega heilsu og leiðir til að hlúa að henni“ framkvæmd verkefnisins er í höndum fjölskyldusviðs og flytjum við nánari fréttir af því þegar verkefnið hefst.

UNGAR VEIÐIKLÆR FÓRU AÐ DORGA

Nemendur í leikskólanum YI í Reykjahlíð hafa unnið að stórskemmtilegu verkefni í útikennslu upp á síðkastið en útikennslan er mjög fjölbreytt og stór partur af skólastarfinu.

Verkefnið hófst á því að eldri börnin fengu fræðslu um dorgveiði. Því næst útbjuggu litlu veiðimennirnir dorgir úr náttúrulegum efnivið að eigin vali og undirbjuggu sig undir veiðiferð. Flestir völdu sér greinar til að nota í veiðarfæri og máluðu og skreyttu.

Dásamlega spennt börn, foreldrar og starfsfólk héldu svo í hópferð út á Mývatn að dorga um miðjan mánuðinn. Fengurinn var ekki upp á marga fiska, en veiðarfærin glæsileg og gleðin mikil! Eftir dorgið var boðið upp á samlokur og heitt kakó. Börnin munu svo ljúka verkefninu með því að matreiða silung úti yfir opnum eldi.

Bianca Maria sinnir útikennslunni en hún og leikskólinn eiga mikið hrós skilið fyrir flott verkefni!



SÖGU SNILLINGUR Í ÞINGEYJARSKÓLA



Ástríður Gríma Ásgrímsdóttir, 11 ára nemandi í 5. bekk í Þingeyjarskóla sigraði á dögnum í *Sögum* í flokki stuttmyndahandrita með stuttmyndahandriti sínu *Skrítna kaffiævintýrið*. Í kjölfar sigursins fékk hún boð í meistarábúðir í Úlfarsárdal þar sem hún fékk fræðslu og fínþússaði handritið með fagfólki. Ásta var viðstödd þegar RÚV tók stuttmyndina hennar upp og segir það hafa verið magnaða upplifun; „Það var ótrúlega gaman að sjá eitthvað sem ég hafði ímyndað mér og skáldað upp verða að veruleika. Það kom mér á óvart hvað þetta var líkt því sem ég hafði séð fyrir mér. Það var mjög gaman að hitta leikarana, sérstaklega Brynju sem leikur Kolbrúnu, aðalpersónuna. Hún er mjög góð leikkona. Það kom mér líka á óvart hversu oft hver sena er tekin upp. Það þarf að leika sama atriðið aftur og aftur“.



Ásta og Rósa Björk Helgudóttir, leikstjóri við upptöku stuttmyndarinnar.

Ásta getur vel hugsað sér að vinna við það að skrifa sögur enda sé það skemmtilegt. Þá væri ef til vill hægt að vera meira heima hjá sér og nota hugmyndaflugið – kannski smá eins og að leika sér í vinnunni.

*Hvað hefur verkefnið *Sögur gert fyrir þig?**

„Þegar ég tók þátt fannst mér bara gaman að skrifa þetta, ég hélt ekki að ég myndi vinna. Ég hugsaði líka þegar mér fannst það erfitt að ég ætti kannski bara að geyma það og taka þátt á næsta ári. En núna veit ég að maður getur unnið ef maður tekur þátt og ég er glöð að ég gafst ekki upp. Mér finnst mjög gaman að RÚV gefi manni séns að fá að vera rithöfundur. Það eru ekki öll börn sem fá svona tækifæri. Það hefur gefið mér sjálftraust, núna veit ég að handritið mitt er skemmtilegt. Mig langar að skrifa fleiri handrit í framtíðinni“. *Lengra spjalla við rithöfundinn má finna inni á heimasíðu sveitarfélagsins. Innilega til hamingju Ásta!*

VIÐBRAGÐSAÐILAR HITTAST

Viðbragðsaðilar á Norðurlandi eystra hittust nýverið á Húsvík þar sem haldin var „Námsstefna um aðgerðamál“. Þátttakendur voru um 50 talsins sem allir koma að stjórnun og stýringu aðgerða í umdæmi LSNE sem nær allt frá Fjallabyggð í vestri að Bakkafirði í austri. Fyrirlestrar fjölluðu meðal annars um náttúruvána í okkar umdæmi, tæknimál varðandi dróna og streymi, nýjar áherslur hjá Ferðamálastofu varðandi utanhald með ferðapjónustufyrirtækjum og þá stöðu sem kemur upp þegar viðbragðsaðilar lenda sjálfir í slysum við störf sín.





AÐALSKIPULAGSVINNA

120 athugasemdir bárust við vinnslutillögu Aðalskipulags Þingeyjarsveitar. Þær voru af ýmsum toga sem er ánægjulegt þar sem það er tilgangur samráðs að íbúar láti sig málið varða og komi athugasemdum á framfæri.

Skipulagsnefnd hefur flokkað og farið yfir athugasemdir með skipulagsfulltrúa og skipulagsráðgjafa. Í þeirri vinnu er farið yfir athugasemdir og hvort þær gefi tilefni til breytinga eða lagfæringa.

Þessum athugasemdum verður ekki svarað með formlegum hætti en skýrt verður betur frá málsmeðferð helstu málaflokka, sem og að upplýst verður ef breytingar verða við þessa yfirferð að lokinni meðferð skipulagsnefndar og sveitarstjórnar.

Við hvetjum íbúa og hagsmunaaðila til að fylgjast vel með þegar endanleg tillaga verður auglýst því þá gefst aftur tækifæri til að koma óskum um breytingar á framfæri, þeim óskum verður svarað með formlegum hætti.



Skipulagsnefnd að störfum 20. mars

EKKI GLÓIR ALLT GULL

Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs fór á fund verkefnisstjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hagsmunagæslu sveitarfélaga í úrgangsmálum. Þar kynnti hann aðstæður í Þingeyjarsveit þegar kemur að úrgangsmálum. Sérstök áhersla var lögð á þann kostnað sem fylgir því að sækja lífúrgang heim til allra, enda er Þingeyjarsveit víðfeðmasta sveitarfélag landsins og sorphringurinn er yfir 1000 km.

Sveitarfélagið auglýsti eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í tilraun með moltugerðarvélur. Þrjár fjölskyldur voru valdar til verkefnisins og það verður áhugavert að fylgjast með verkefninu sem getur haft jákvæð áhrif þegar kemur að nýtingu afar verðmæts lífúrgangs í sveitarfélaginu.

ÚRVALSMJÓLK FLÆÐIR UM SVEITINA

Átta mjólkurframleiðendur í Þingeyjarsveit náðu þeim frábæra árangri að framleiða og fá greitt fyrir úrvalsmjólk alla mánuði ársins 2023. Þeir eru: Karl Björnsson á Veisu, Vogabú ehf, Hildigunnur Jónsdóttir á Lyngbrekku, Dagný og Þórir á Öxará, Lækjamót 641 ehf, Flosi Gunnarsson á Hrafnstöðum, Félagsbúið Hraunkoti og Erlingur Teitsson á Brún.

Þingeyjarsveit óskar ykkur öllum hjartanlega til hamingju með glæsilegan árangur í ykkar framleiðslu!



Þingeysku verðlaunahafarnir

HVER ER GÍSLI SIGURÐSSON?

Gísli er skrifstofustjóri Þingeyjarsveitar

Gísli ólst upp á Kvíabóli í Kinninni við hefðbundin bústörf. Fór sextán ára til Húsavíkur og lærði bifvélavirkjun, síðan í Samvinnuskólann á Bifröst og útskrifaðist stúdent frá framhaldsdeildinni í Reykjavík 1984. Vann hin ýmsu störf; ók steypubílum og rútum, var kennari og vistarvörður á Hvanneyri, leigubílstjóri, bóndi á Kvíabóli, verslunarstjóri í stórverslun KP á Fosshóli í nokkur ár og síðasti aðalgjaldkeri KP á Húsavík svo eitthvað sé nefnt.

„Ég er giftur Þórunni Sigtryggsdóttur og við eigum þrjár sérlega vandaðar dætur. Þær líkjast henni. Við höfum búið víða um land en í Aðaldal frá 1999, keyptum lóð af Reyni í Brekku og byggðum á henni hús 2006 sem heitir Brekkukot og búum þar enn“.

Gísli hóf störf sem skrifstofustjóri hjá Skútustaðahreppi 2001, síðan hjá Gömlu Þingeyjarsveit 2016 og hjá sameinuðu sveitarfélagi frá 2022. „Ég vinn við að færa bókhaldið og verkstýra þeim sem vinna við það með mér, ber ábyrgð á að það sé rétt fært. Dagarnir fara í þetta, fjölbreyttir og skemmtilegir, sérstaklega þegar bókhaldið stemmir. Það gerist alltaf fyrir rest“.

Hvernig sérðu Þingeyjarsveit fyrir þér eftir 20 ár?

„Ef marka má þróun síðustu áratuga þá verður Þingeyjarsveit ekki til eftir tuttugu ár. Hún verður orðin hluti af einhverju stærra, skrifstofuhaldið og stjórnsýslan komin til Húsavíkur eða Akureyrar og völd yfir okkar málum þar með“ segir Gísli.



Gísli á ferð og flugi

Hver yrði titillinn á ævisögu þinni?
„Ég sagði ykkur það“. Enska útgáfan mun heita „I Told You So“

HVER ER MARGRÉT SÓLVEIG SNORRADÓTTIR

Margrét er skrifstofufulltrúi Þingeyjarsveitar



Margrét Sólveig

Til hvaða tíma myndirðu ferðast ef þú hefðir tímavél

„Ég myndi vilja komast til þess tíma þegar menn reistu t.d. Miðheiðargarðinn á Fljótsheiði og fleiri mannvirki á söguöld og komist að því hvernig fólk lifði hér fyrir um 1000 árum“.

Margrét ólst upp á Syðstu-Fossum í Andakíl í Borgarfirði ásamt fjórum systkinum. Eftir hefðbunda skólagöngu lauk hún stúdentsprófi frá Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi.

„Ég starfaði nokkur ár við Bændaskólann á Hvanneyri og þar kynntist ég Þingeyingnum og manningnum mínum, Vagni Hauk Sigtryggssyni frá Hriflu í Ljósavatnshreppi. Það varð úr að við fluttum norður í Hriflu vorið 1994 og hef ég því búið og starfað með Þingeyingum í nær 30 ár. Við Vagn eigum þrjú uppkomin börn og búum félagsbúi í Hriflu ásamt Hávari mági mínum og Guðbjörgu konu hans“ segir Margrét.

„Ég hóf störf á skrifstofu Þingeyjarsveitar sumarið 2003 og hef því starfað hér í yfir 20 ár. Starfsheiti mitt er skrifstofufulltrúi og undir það starf falla hin ýmsu verkefni. Það að vinna á saman vinnustað í eins lengi og ég hef gert segir ýmislegt um mig og minn vinnustað en þetta hafa heilt yfir verið góð ár og ég lánsöm að vinna með góðu fólki í gegnum tíðina“.

Eitthvað sem Þingeyjarsveit ætti að gefa sérstaka innspýtingu í að þínu mati?

„Lengi má gott bæta og að mínu mati gerum við það með því að hlúa vel að því samfélagi sem nú þegar er til staðar og eftirfylgni með kröfum um bættar samgöngur í sveitarfélaginu. Þingmenn okkar og kjörnir fulltrúar mættu stíga fastar til jarðar með okkur í þeim málum“.



Gleotilega páska!

28. mars:

Hin árlega **Píslarganga** umhverfis Mývatn mun fara fram á föstudaginn langa.

Gangan er 36 kílómetrar og fer hver og einn á sínum hraða, gangandi, hlaupandi eða hjólandi.

Dagskrá:

08:30 – Mæting og skráning í gönguna á Sel – Hótel Mývatn. Séra Örnólfur sér um morguntíðir.

09:00 – Píslarganga hefst.

Reykjahlíðarkirkja verður opin þar sem hægt verður að hvíla lúin bein og hlusta á séra Örnólf lesa Passíusálmana. Bíll frá Sel - Hóтели mun fylgja gönguhópnum og í honum verður hægt að geyma föt, skó og bakpoka. Sel - Hótel Mývatn býður þeim sem klára gönguna upp á drykk frá Mývatns öl og Jarðböðin gefa frímiða í lónið!

28. og 29. mars

Músík í Mývatnssveit. Fjöldi norðlenskra listamanna tekur þátt. Flutt verður fjölbreytt tónlist; sígild tónlist, hefðbundin kórtónlist og sprúðlandi klezmer-tónlist.

4. apríl

Minningartónleikar - Jaan Alavere. Jaan Alavere var mörgum kunnur en hann lést skyndilega þann 3. september árið 2020. Tónleikar honum til heiðurs verða haldnir í Akureyrarkirkju kl. 20:00 þann 4. apríl en þá hefði hann orðið 55 ára gamall. Enginn aðgangseyrir, en tekið verður við frjálsum framlögum.



**FYLGSTU MEÐ
VIÐBURÐADAGATALINU INNI
Á THINGEYJARSVEIT.IS**

LOF MÁNAÐARINS

ÁTTU HRÓS?

Öll þekkjum við einhvern sem á skilið gott hrós, komdu þínu hrósi á framfæri á

thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is

★ Birna Davíðsdóttir á Snoðhólum sendir snjómokstursmönnum í Fnjóskadal risastórt hrós fyrir þeirra vinnu.

★ „Mig langar til að hrósa og þakka Björgvini Krauna Viðarsyni, húsverði í Þingeyjarskóla fyrir mjög vel unnið starf í þágu íbúa á skólasvæðinu. Hann er alltaf mættur fyrstur, vinnur starf sitt umfram vinnuskyldu og sinnir öllum kvörtunum okkar íbúa af jákvæðni. Það er alltaf gott að spjalla við hann og hann er ávallt klár í aðstoða. Mættur fyrir allar aldir til að sanda stéttar og ef bilun kemur upp þá er hann mættur. Hann er ávallt klár í öll verkefni, á öllu skólasvæðinu“ segir Patrycja Maria Reimus.

★ „Hrós mánaðarins fá þau/hún/hann sem markvisst ákváðu að halda uppi góðu upplýsingaaðgengi til allra íbúa svæðisins í gegnum www.thingeyjarsveit.is, facebook.com/thingeyjarsveit og aðra miðla - og einnig þau sem í raun og veru sjá um það“ segir Helgi Borg.

★ Garðar Finnsson er ánægður með Vetrarhátíðina og sendir sérstakt hrós á alla sjálfboðaliða sem störfuðu í kringum hana, án þeirra væri hátíðin ekki möguleg!

★ „Hrós mánaðarins frá mér fær hún Bylgja Dögg leikskólastjóri á leikskólanum YI. Hún tekur alltaf glöð og hlý á móti öllum sem koma og krakkarnir laðast að henni. Þannig verður auðveldara að skilja börnin sín eftir. Hún er einnig mjög góð í að finna fjölbreytt og skemmtileg verkefni og já, bara alltaf svo glöð og jákvæð. Það er gott að vita af svona góðum leikskólastjóra og gaman að sjá hversu mikið starfið hefur breyst. Ættu allir leikskólar að hafa eina Bylgju, fá samt ekki þessa því vonandi fer hún aldrei af YI 🙌❤️ Hinir kennararnir einnig alveg yndislegir og við rosa heppin með þau öll!“ segir Birna Heiðarsdóttir.

★ Katla og Óli á Geirbjarnarstöðum þakka Leikdeild Eflingar fyrir frábæra skemmtun og senda þeim hrós fyrir frábæra leiksýningu.

★ Þóra Fríður sendir Ástu Price hrós mánaðarins fyrir vatnsleikfimina.

★ Sýlvía Ósk Sigurðardóttir sendir Reykjahlíðarskóla sitt hrós, fyrir að hugsa alltaf svo vel um fólkið sitt!



Íþróttá-, tómstunda- og menningarnefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki til lista- og menningarstarfs á árinu 2024. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki.

Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast í síðasta lagi 15. apríl. Nánari upplýsingar á heimasíðu Þingeyjarsveitar



Í síðasta blaði birtist röng mynd af Bókasafni Reykdæla. Við biðjumst velvirðingar á því.

Í sumar verða skrifstofur Þingeyjarsveitar lokaðar í tvær vikur, frá 8.-22. júlí.



**FYLGDU
ÞINGEYJARSVEIT Á
INSTAGRAM OG
FACEBOOK**



Skráðu þig á póstlistann

Skráðu netfangið þitt á póstlista Þingeyjarsveitar og fáðu sendar fréttir og tilkynningar í tölvupósti.

SKRÁ MIG

**Skráðu þig á póstlista
sveitarfélagsins á thingeyjarsveit.is
og fáðu allar fréttir sendar beint til
þín!**